**4. bekkur**
**Námsgrein: Leiklist**

**Kennari: Guðný Kristjánsdóttir**
**Tímafjöldi: 1 kennslustundir á viku allan veturinn.**

**Menntagildi námsgreinar:**

Allir geta eitthvað,enginn getur allt....... Allt getur gerst!

Leiklist er list augnabliksins.
Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform,hegðun og lausnir í öruggu umhverfi.  Leiklist styður nemandann í tjáningu, mótun og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

| Námsflokkar: | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Leiklist. | • Nem.geti tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknum<br>• Geta staðið upp og tjáð sig frjálslega bæði um almenn málefni og eigin skoðanir.<br>• Notað búninga, leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.<br>• Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi.<br>• Sýnt skólafélögum tillitssemi. | Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður. Eitthvað verður farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í stuttum leikverkefnum og kunni að | Tekið er mið af hæfniviðmiðum og eftirfarandi lykilhæfniþáttum:<br><br>Nemandi geti: |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | vera áhorfandi.<br>Nemendur fá að kynnast leikmunum og búningum.<br><br>Unnið verður með einn bekk í einu, ýmist í skólastofunni eða á sviði í sal. | |
| | | | |
| | | | |

**Kennslugögn:** Kennsluefni frá kennara.